LANDSPÍTALI

Ómskoðun á tvíburameðgöngu

Við tvíburameðgöngu eru meiri líkur á frávikum í vexti en þegar fóstur er eitt. Því er mælt með að konur sem ganga með tvíbura fari í ómskoðun reglulega til að láta fylgjast með:

- Vexti barna
- Legu barna
- Legvatnsmagni


Tíðni tvíburafæðinga er ein af hverjum 90 þungunum (um 1%). Ef tæknifrjóvganir eru taldar með er það um ein af hverjum 72 þungunum (1,5%).

Tveir af hverjum þremur tvíburum eru af sama kyni.

Eineggja tvíburar

Einn þriðji allra tvíbura er eineggja (monozygotic). Eitt frjóvgað egg skiptist í tvennt og til verða tveir líkir einstaklingar með sömu erfðaeiginleika og af sama kyni.

- Um 75 af hverjum hundrað eineggja tvíburum (75%) eru í sitt hvorum vatnsbelgnum, með einn æðabelg og eina fylgju (mynd 1a).
- Um 25 af hverjum hundrað (25%) eru með þykk belgjaskil (tvo æðabelgi og tvo vatnsbelgi).
- Einn til fimm af hverjum hundrað eineggja tvíburum (1–5%) eru í sama vatnsbelg, mynd 1b. Í slíkum tilfellum er hlutfall fósturláta um 60 af hverjum hundrað (60%).



Mynd 1a. Þunn belgjaskil (T-sign) hjá eineggja tvíburum.



Mynd 1b. Einn vatnsbelgur með tveimur fósturvísum.

Tvíeggja tvíburar

Tveir þriðju allra tvíbura eru tvíeggja (dizygotic). Tvö egg frjóvgast og til verða tveir ólíkir einstaklingar sem geta verið af sama kyni eða sitt hvoru kyninu. Þá eru alltaf tveir vatnsbelgir, tveir æðabelgir og tvær fylgjur (mynd 2).



Mynd 2a. Tvö fóstur og þykk belgjaskil á milli, 12 vikur



Mynd 2b. Þykk belgjaskil, lambda-sign

Ómskoðun

Mikilvægt er að greina belgjaskil til aðgreiningar á eineggja og tvíeggja tvíburum. Það sést best með ómskoðun á um 8.–12. viku meðgöngu. Eftirlit á meðgöngu er skipulagt samkvæmt því. Meiri áhætta fylgir eineggja tvíburameðgöngu og því þarf þéttara eftirlit.

Fósturskimun

Fósturskimun stendur öllum til boða við 12 og 20 vikna meðgöngu.

Flest börn fæðast heilbrigð en í einstaka tilfellum finnast mjög alvarleg fósturfrávik þar sem barninu er ekki hugað líf eða búast má við mikilli andlegri eða líkamlegri fötlun. Stundum greinast vandamál sem geta lagast af sjálfu sér eða hægt er að lækna með aðgerð eftir fæðingu.

- Líkur á litningafrávikum hjá eineggja tvíburum eru þær sömu og í einburameðgöngu.
- Líkur á fósturfrávikum í tvíburameðgöngu eru þrisvar sinnum meiri en í einburameðgöngu.
- Líkur á litningafrávikum hjá tvíeggja tvíburum eru tvisvar sinnum meiri en í einburameðgöngu.

Foreldrar gætu staðið frammi fyrir erfiðum ákvörðunum varðandi framhald meðgöngunnar. Í rammanum hér að neðan eru dæmi um spurningar sem vert er að huga að.

Foreldrar eru beðnir að íhuga vel eftirfarandi spurningar áður en farið er í fósturgreiningu:

1. Viljum við fósturgreiningu til að undirbúa okkur fyrir móttöku barns með fósturfrávik ef slíkt myndi greinast?
2. Hvað viljum við gera ef í ljós kemur að annað barnið eða bæði eru með fósturfrávik?
   - Ljúka meðgöngunni fyrir bæði.
   - Velja þungunarrof fyrir fóstrið sem er með frávik.
   - Bíða og sjá hverju fram vindur.
3. Viljum við greiningarpróf (legástungu) ef í ljós koma frávik hjá fóstri eða fóstrum við 12 vikna skimun? Líkur á fósturláti við legástungu eru 0,5–1 af hverjum hundrað (0,5–1%).
   - Mælt er með legvatnsástungu við 15 vikur hjá eineggja tvíburum.
   - Mælt er með fylgjusýnatöku hjá tvíeggja tvíburum eftir 11 vikur.

Mælt er með eftirfarandi tímaáætlun fyrir ómskoðanir við tvíburameðgöngu:

Eineggja tvíburar með sameiginlega fylgju

Eineggja tvíburar hafa sameiginlega fylgju og er því viss hætta á að annað barnið fái meiri næringu en hitt. Þess vegna er mælt með ómskoðun:

1. Eftir 12 vikur hjá ljósmóður.
2. Eftir 16 vikur hjá lækni.
3. Síðan á tveggja vikna fresti út meðgöngu (sjá töflu 1).

Mælt er með að meðgöngueftirlit hjá konum með eineggja tvíbura fari fram hjá áhættumeðgönguvernd á Landspítala eða á Akureyri.

Tvíeggja tvíburar með tvær aðskildar fylgjur

Hjá tvíburum með tvær aðskildar fylgjur er mælt með ómskoðun við 12., 20., 26., 30., 33. og 36. viku.

Meðgönguvernd fer yfirleitt fram hjá ljósmóður eða heilsugæslulækni á heilsugæslustöð ef engir aðrir áhættuþættir eru til staðar.

Tafla 1: Tímaáætlun ómskoðunar hjá tvíburum.

	☐ Sameiginleg fylgja	☐ Tvær aðskildar fylgjur
12 vikur		
16 vikur		
18 vikur		
20 vikur		
22 vikur		
24 vikur		
26 vikur		
28 vikur		
30 vikur		
32 vikur		
33 vikur		
34 vikur		
36 vikur		

Stundum er þörf á fleiri ómskoðunum og getur þá þessi áætlun breyst.

Ef nánari upplýsinga er óskað, er haft samband við fósturgreiningardeild Landspítala á virkum dögum klukkan 08:30–12:00 og 13:00–16:00 í síma 543 3256.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI – MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU FRÆ-1384 ÁBYRGÐARMENN: YFIRLJÓSMÓÐIR MEÐGÖNGUVERNDAR, FÓSTURGREININGAR OG BRÁÐAÞJÓNUSTU KVENNADEILDA OG YFIRLÆKNIR MEÐGÖNGU, FÆÐINGAR OG SÆNGURLEGU
HÖNNUN: GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR LANDSPÍTALA

© Landspítali. Leyfilegt er að afrita og nota efnið óbreytt, sé heimildar getið.